

6. september 2011

Fundur nr. 62

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 6. september 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Björn Sæbjörnsson, Sigríður Vigdís Þórðardóttir nýr framkvæmdarstjóri og Inga Sigrún Atladóttir frv. Framkvæmdastjóri.

1. Uppskeruhátíð.

Foreldrafélagið mætti á fund til ráðagerða og var ákveðið að halda aðalfund hjá foreldrafélaginu þann 14. október n.k. Uppskeruhátíðin mun hefjast klukkan 17:30 og mun Sigríður Vigdís opna hana með stuttri ræðu. Eftir það verður boðið uppá veitingar og síðar verðlaunaafhendingu sem Vignir yfirþjálfari mun sjá um. Bæklingur þróttar mun vera tilbúinn og nokkur eintök verða á staðnum. Einnig mun Jóhanna Lovísa segja nokkur orð fyrir hönd foreldrafélagsins.

2. Íþróttadagur.

Ákveðið að íþróttadagurinn verði haldinn þann 7. Október n.k. uppí íþróttahúsi á milli klukkan 17:00 og 19:00.

3. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir fundagerð síðasta fundar og hún samþykkt.

4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við bæjaryfirvöld varðandi leigu á tækjabúnaði í eigu Þróttar.

Heiða bauðst til að setja sig í samband við Snertu og biðja þá um stirk í formi tölvu þar sem sú gamla er ekki að skila sínu lengur.

Að lokum vill stjórnin þakka Ingu Sigrúni innilega fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:50